

Umhverfis- og loftslagsstefna Suðurnesjabæjar

Fundur framkvæmda- og skipulagsráðs 14.06.2023



Efni kynningar

- Lagaumgjörð umhverfis- og loftslagsstefnu
- Forsaga umhverfisstefnu í Suðurnesjabæ
- Hugmynd að nálgun og aðkomu að gerð stefnunnar
- Tímaplanið og ferlið
- Dæmi um uppbyggingu og viðfangsefni stefnu
- Hugmynd að viðfangsefnum eða málaflokkum og afmörkun



Lagaumgjörð umhverfis- og loftslagsstefnu

Gerð umhverfis- og loftslagsstefnu byggir á lögum um loftlagsmál nr. 70/2012

5. gr. c. Loftslagsstefna ríkisins og sveitarfélaga.

- *Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.*
- *Stýrihópur loftslagsstefnu Stjórnarráðsins fylgir eftir loftslagsstefnu þess skv. 1. mgr. og kemur eftir atvikum með tillögur að úrbótum.*
- *Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu, sbr. 1. mgr., og innleiði aðgerðir samkvæmt henni og veitir stofnunum ríkisins og sveitarfélögum ráðgjöf varðandi mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda og árangri aðgerða vegna innri reksturs.*
- *Árlega skilar Umhverfisstofnun skýrslu til ráðherra um árangur stofnana ríkisins og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélaga í loftslagsmálum.*





Forsaga umhverfisstefnu í Garði og Sandgerði

- Umhverfisstefna var í Garði frá fyrri tíð
- Seinna gert svipað fyrir Sandgerði (um 2017)
- Um það leyti sem sveitarfélögin voru sameinuð, þá voru til drög að stefnu fyrir sameinað sveitarfélag, en tóku ekki gildi. Taka þarf mið af þeirrar vinnu við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu nú
- Lærdómurinn af fyrri vinnu:
 - Áhersla á að ný stefna verði vel fram sett, þ.e. á aðgengilegan hátt með myndefni.
 - Spurning hvort verður á vef eða sem PDF skjal

Hugmynd að nálgun við gerð stefnu

Tilgangurinn er að gera umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir Suðurnesjabæ sem uppfyllir kröfur laga um loftlagsmál nr. 70/2012.

Markmiðið er að samþætta aðra stefnumörkun sveitarfélagsins inn í umhverfis- og loftslagsstefnu og með þeim hætti einfalda framfylgd sveitarfélagsins á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Miðað er við að nýta fyrirliggjandi gögn, en eftirfarandi atriði gætu lýst umfangi og áherslum í vinnunni.

- Stefnan innihaldi áherslur, markmið og leiðir að markmiðum í þeim málaflokkum sem sveitarfélagið leggur áherslu á og/eða er hluti af áherslum Samráðsvettvangs á Suðurnesjum
- Stefnan verði sett fram á einfaldan hátt og auðvelt verði að vinna eftir henni
- Stefnunni verði ætlað að hafa áhrif á ákvarðanir, frekari stefnumótun og aðgerðir er snerta umhverfis- og loftslagsmál
- Stefnan takmarkist við þá þætti sem Suðurnesjabær getur haft áhrif á, svo sem í gegnum skipulagsáætlanir eða starfsemi bæjarins
- Stefnan verði í takt við stefnumörkun stjórnvalda
- Stefnan takmarkist af þeim grunngögnum sem eru til, s.s. um stöðu umhverfis
- Tekið verði mið af og byggt á núverandi stefnu sveitarfélagsins þar sem það á við



Aðkoma að gerð stefnu

- Framkvæmda- og skipulagsráð (eða fulltrúar hennar) verða virkir þátttakendur í vinnunni og mynda verkefnisstjórn
- Starfsfólk Skipulags- og umhverfissviðs aðstoða eftir föngum við að útvega gögn
- Nefndir og ráð Suðurnesjabæjar hafa tækifæri til að koma að vinnunni
- Íbúum verði gefinn kostur á að hafa áhrif á stefnuna

Ráðgjafi heldur utan um vinnuna og setur fram efni til umræðu og tekur saman tillögu að stefnu



Tímaplanið og ferlið

Tillaga að helstu vörðum í ferlinu 2023:

- **Apríl til maí.** Afmörkun verkefnis ráðning ráðgjafa
- **14. júní.** Fundur framkvæmda- og skipulagsráðs
- **Júní til júlí.** Greining á áherslum fyrir stefnuna. Nýta kannanir meðal íbúa til að fá áherslur inn í stefnuna og víkka eignarhald á henni.
- **Ágúst.** Stefnumótunarramminn kynntur á fundi framkvæmda- og skipulagsráðs
- **September.** Drög að stefnu fyrir framkvæmda- og skipulagsráð. Í framhaldinu verði, eftir því sem við á, drögin kynnt fyrir öðrum ráðum. Einnig verði drögin aðgengileg á vef Suðurnesjabæjar
- **Október - nóvember.** Umhverfis- og loftslagsstefna samþykkt í framkvæmda- og skipulagsráði og bæjarstjórn



Dæmigerð uppbygging

Inngangur

- Hvers vegna umhverfis- og loftslagsstefna
- Nánari upplýsingar eða bakgrunnur stefnu og hvernig staðið var að vinnslu stefnunnar

Markmið

- Mögulega meginmarkmið og markmið – eða bara markmið
- Sett markmið í hverjum málaflokki sem fjallað er um í stefnunni
- Taka þarf ákvörðun um hve nákvæm markmiðin eiga að vera og hvort þau séu mælanleg. Ef mælanleg, þá kalla þau á góðar grunnupplýsingar.

Leiðir að markmiðum eða aðgerðir

- Hvernig markmiðum verður náð

Ábyrgð á málaflokknum/framkvæmd stefnu

Tímasetning

Oft eru tilgreind tengsl við heimsmarkmið



Málaflokkar og viðfangsefni

Skipting viðfangsefna í flokka

Hægt að gera á marga vegu

Hver eru áhersluatriði
Suðurnesjabæjar?

Gæti hentað vel að spyrja
almenning um hver þeirra
áhersluatriði eru
(spurningakönnun)

Dæmi um hugsanlega málaflokka sem koma fyrir í sambærilegum stefnum:

- Fræðsla (aðgengi að upplýsingum / miðlun upplýsinga/menntun/umhverfisfræðsla)
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Stjórnsýsla
- Atvinnumál
- Lýðheilsa (útivist og lýðheilsa / lýðheilsa og samfélag)
- Umhverfisvernd – náttúruvernd – varðveisla landgæða og lífríkis
- Landnýting – skipulags
- Skógrækt (og landgæði)
- Dýrahald og landbúnaður
- Umgengni
- Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun / úrgangsförvarnir og úrgangsméðhöndlun
- Grunnvatn
- Menningarminjar
- Samgöngur / samgöngumannvirki
- Ásýnd
- Varnir gegn mengandi áhrifum / mengun, hljóðvist og loftgæði
- Neysla og úrgangur
- Auðlindir
- Græn hugsun (umhverfisvitund)

Hugmynd að viðfangsefnum eða málaflokkum

- Græn innkaup
- Lýðheilsa (útivist og hreyfing), græn svæði og náttúra og heilsueflandi samfélag
- Umhverfis- og náttúruvernd, varðveisla landgæða og lífríkis
- Hringrásarhagkerfi og grænt hagkerfi
- Samgöngur
- Aðlögun að loftlagsbreytingum, landrof og sjóvarnir

Til athugunar: Í nýrri skýrslu umhverfis-orku- og loftslagsráðuneytis um náttúruvá á Íslandi þá koma sjóvarnir aldrei fyrir.



Afmörkun stefnu

Hvað á að vera með og hvað ekki?

- Kalka – hvernig á að fjalla um hana.
- Flugstöðin – hvernig á að fjalla um hana
- Landsvæði innan Suðurnesjabæ í eigu ríkisins

